

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. janúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-96/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. desember 2009 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á farsíma, sem hann kveðst hafa keypt 30. september 2009 hjá Y fyrir kr. 13.995. Segist álitsbeiðandi krefjast þess að Y bæti sér símann að fullu eða geri við hann sér að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. desember sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 18. desember. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 11. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Keypti síma af Y 30. sept. 2009. Eftir mánaðarnotkun kom í ljós að rafhleðsla símans dugði aðeins í 6-7 klukkutíma. Farið var með símann á verkstæði (Z), sem greindi raka- og bleytuskemmdir. Þeir voru tilbúnir til þess að gera tilraun við að laga símann, en ég sem kaupandi þurfti að bera þann kostnað ... hvort sem viðgerðin heppnaðist eða ekki. Ekki var ég sáttur við það, en tók símann og greiddi greiningargjald að fjárhæð kr. 1990. Í kjölfarið kvartaði ég til Neytendasamtakanna, sem ég er meðlimur í. Þeir sendu bréf til Y, en þeir voru ekki tilbúnir til að bæta skaðann á neinn hátt.

[...]

Síminn var keyptur í góðri trú um að hann virkaði. Hef ekki farið óvarlega með símann. Ekki á neinn hátt sem rakið verður til þessara meintu skemmda.“

IV

Úr gögnum málsins

Hinn 27. nóvember komu Neytendasamtökin á framfæri kvörtun við seljanda í tölvubréfi. Í því bréfi kemur fram að fyrirtækið Z. hafi sent álitsbeiðanda eftirfarandi skilaboð:

„Það hefur greinilega komist bleyta inn í símann. Ekki er um miklar skemmdir að ræða en þó greinilegar. Rakaskemmdir falla ekki undir ábyrgð. Í sumum tilfellum dugir að hreinsa símana en sú aðgerð kostar 3985 kr. hvort sem hreinsun ber árangur eða ekki. Þú hefur þann möguleika að sækja símann en þar sem þetta fellur ekki undir ábyrgð þá fellur á símann greiningargjald upp á 1990 kr. Alltaf er erfitt að segja til um hvort það borgi sig að reyna hreinsun eða ekki. Eru alveg dæmi um að mikið skemmdir símar hafi farið í lag og að lítið skemmdir símar hafi ekki lagast. Það er í raun þitt að ákveða hvort þú viljir reyna hreinsun eða ekki.“

Í tölvubréfi seljanda til Neytendasamtakanna frá 1. desember sl. segir eftirfarandi:

„Samkvæmt tæknimönnum hjá Z þá er síminn rakaskemmdur. Rakaskemmdir falla ekki undir ábyrgðarskilmála. Við höfnum því alfarið að síminn hafi verið rakaskemmdur við kaup. Eins og fram kemur í svarinu frá Zi þá er möguleiki á viðgerð þó að ekki sé hægt að ábyrgjast árangur.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Segir í upphafi 1. mgr. að reynist söluhlutur gallaður og sé gallinn hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varði geti neytandi gripið til ýmissa úrræða. Þar á meðal getur hann valið á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. laganna. Samkvæmt þessari lagagrein á neytandi ekki rétt á úrbótum af hálfu seljanda hagi svo til að það sem að söluhlut er megi rekja til sakar kaupanda eða aðstæðna sem hann varðar.

Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 segir eftirfarandi:

„Ef annað sannast ekki skal galli, sem kemur upp innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. [Áhættan flyst frá seljanda til kaupanda við afhendingu söluhlutar, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 48/2003]
Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.

Í gögnum málsins liggur ekki annað fyrir en að raki hafi komist í síma álitsbeiðanda og valdið því sem að símanum er. Verður kærunefndin að byggja á því að sú sé ástæðan. Eins og málið liggur fyrir þykir kærunefndinni afar ólíklegt að raki hafi komist að símanum áður en hann var afhentur álitsbeiðanda heldur hafi það gerst eftir það enda þótt álitsbeiðandi fullyrði annað. Nefndin telur því að í þessu máli verði að beita síðari málslíð 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 sem rakin er hér að framan. Kærunefndin telur þannig að hún verði að byggja niðurstöðu sína á því að það sem að símanum er stafi af því að raki hafi komist í hann eftir að kaupin fóru fram. Leiðir það til þess að hafna verður kröfum álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir